

Nefnda- og greiningarsvið Alþingis
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Smiðju við Tjarnargötu
101 Reykjavík

Reykjavík, 23. október 2024

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um hringrásarstyrki, 5. mál

Félag atvinnurekenda (hér eftir „FA“) vísar til umsagnarbeiðni umhverfis-, orku- og loftslagsnefndar, dags. 9. október sl., um ofangreint mál á þingskjali 5. FA gerir eftirfarandi athugasemdir.


FA telur mikilvægt að þróa kerfi sem stuðlar að hringrásarhagkerfi með hagrænum hvötum til að draga úr úrgangi, sóun og auka sjálfbæra nýtingu auðlinda. Félagið leggur áherslu á að gildissvið laganna sé vel skilgreint og taki aðeins til ákveðinna lausafármuna en FA telur að gildissviðið sé of víðtækt eins og lagt er fram með í frumvarpinu. Einnig þarf að tryggja fjármögnun til að endurgreiðslur séu fyrirsjáanlegar og stöðvist ekki um mitt ár, til að hvetja til áframhaldandi viðgerðarþjónustu. Jafnframt þarf að ákveða hvort styrkirnir eigi að ná aðeins til einstaklinga eða einnig fyrirtækja.

Frumvarpið er í takt við evrópskar tilskipanir, líkt og tekið er fram í greinargerð með frumvarpinu, en FA bendir á mikilvægi þess að skoða betur hvernig það samræmist tilskipunum um ábyrgð framleiðenda á viðgerðum. Þá er stefnt að því að lögin muni taka gildi 1. janúar nk. sem félagið telur vera of skamman tíma m.t.t. flækjustigs og umfangs breytinga sem frumvarpið hefur í för með sér.

Fjallað er um í frumvarpinu að Úrvinnslusjóður sjái um afgreiðslu umsókna og greiðslu vegna hringrásarstyrkja en FA telur að skoða þurfi betur hvernig fjármögnun Úrvinnslusjóðs vegna styrkjanna fari fram ásamt hversu mikið álag leggist á stofnunina vegna afgreiðslu umsókna.

FA áréttar að mikilvægt sé að þróa kerfi sem stuðlar að hringrásarhagkerfi en frumvarpið þurfi ítarlegri skoðun áður en það verður að lögum. Þá telur félagið að gildistakan sé of skammur tími vegna þeirra mörgu atriða sem líta þarf til vegna frumvarpsins. Félagið er að sjálfsgöðu tilbúið til að funda með nefndinni vegna málsins.

Virðingarfyllst,



Birta Sif Arnardóttir, lögfræðingur